

Skólaráðsfundur haldinn 1. apríl 2011.

Mættir eru: Málfríður Garðarsdóttir, Fanney Kristjánsdóttir, Ingibjörg Ársælsdóttir, Páll Ágúst Ragnarsson, Ragnar Gestsson, Ingólfur Hjálmarsson, og Daði Viktor Ingimundarson aðstoðarskólastjóri.

1. Hlutverk skólaráðs: Málið rætt lítillega og umræðunni frestað til maí fundar.

2. Skóladagatal: Daði sýndi ráðinu tvær útgáfur af skóladagatali fyrir 2011-2012 og sagði kennarafund og skólaráð vera búin að samþykkja dagatal þar sem vetrarfrí er ekki tekið í mars og skólanum ljúki tveimur dögum fyrir að vori. Fríða benti á að hentugt væri að samræma vetrarfrí með öðrum skólum í Árborg.

Skólaráð lagði til að dagatal 2011 með vetrarfrí 1. og 2. mars yrði samþykkt.

3. Kennsluskipting: Daði útskýrði kennsluskiptingu næsta vetrar. Kennslukvóti skólans minnkaði í fyrra um rúma kennarastöðu og aftur næsta vetur um rúma stöðu og er það áhyggjuefni.

4. Önnur mál: Ingibjörg kom því á framfæri að mikil ánægja er með nýjan matreiðslumann Guðmund Erlendsson fyrir virkilega góðan og vel framreiddan mat. Almenn ánægja virðist vera með það hvernig nýtt mötuneyti fer af stað.

Ragnar ætlaði að segja frá vordögum en þar sem tíminn var á þrotum ætlar hann að segja frá því seinna.

Fundi slitið kl: 09:40